

2000/EES/60/13

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 113/1999

frá 24. september 1999

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-svæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999 frá 28. maí 1999<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/89/EB frá 25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsmíðaðar stigastæður<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/90/EB frá 25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar himnur og dúka<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB frá 25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar varmaeinangrandi byggingarvörur<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

Gjört í Brussel 24. september 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**N. v. Liechtenstein**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 284, 9.11.2000, bls. 51

og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 34.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 38.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 44.

„– **399 D 0089:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/89/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 34),

– **399 D 0090:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/90/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 38), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 80,

– **399 D 0091:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 44), eins og hún var leiðrétt með Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 80.“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðana framkvæmdastjórnarinnar 1999/89/EB, 1999/90/EB og 1999/91 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsmíðaðar stigasamstæður(\*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 113)

(1999/89/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnislyfyrirmælum aðildarríkjanna að því er varðar byggingarvörur<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE<sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr. ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvornig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits,

og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir.

2. gr.

Í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 34, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

*I. VIÐAUKI*

**Forsmíðaðar stigasamstæður** (stiginn í heild sinni er settur á markað sem samstæða og sameinar forsmíðuð stigaþrep og aðra ihluti) <sup>(1)</sup>

— til notkunar í hífýli og aðrar byggingar

—————

<sup>(1)</sup> Að frátöldum stigum úr einsleitri steinsteypu eða stáli. Þessi ákvörðun nær heldur ekki til stiga sem eru forsmíðaðir eftir hefðbundnum aðferðum úr gegnheilum víði og ætlaðir til notkunar í einstökum byggingum.

## II. VIÐAUKI

## STAÐFESTING Á SAMRÆMI

*Ath.: Vegna samstæðna, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.*

## VÖRUFLOKKUR

## FORSMÍÐAÐAR STIGASAMSTÆÐUR (1/2)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar stigasamstæður	til notkunar í híbýli og aðrar byggingar	—	2 +

Kerfi 2 +: Sjá fyrsta kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka tilskipunar 89/106/EBE, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og á framleiðslustýringu í verksmiðju sem og stöðugs eftirlits, mats og samþykkis á framleiðslustýringu í verksmiðju.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. byggingarvörutílskipunarinnar og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## VÖRUFLOKKUR

## FORMÍÐAÐAR STIGASAMSTÆÐUR (2/2)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Formíðaðar stigasamstæður	til notkunar sem er háð reglum um brunaviðbrögð	A <sup>(1)</sup> , B <sup>(1)</sup> og C <sup>(1)</sup>	1
		—	—
		A <sup>(2)</sup> , B <sup>(2)</sup> og C <sup>(2)</sup>	3
		—	—
		A <sup>(3)</sup> , D, E, F	4

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

<sup>(1)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur, sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

<sup>(2)</sup> Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

<sup>(3)</sup> Vörur úr efnunum úr flokki A, sem samkvæmt ákvörðun 96/603/EB, þarf ekki að prófa með tilliti til viðbragða við bruna

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. byggingarvöru-tilskipunarinnar og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar himnur og dúka(\*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 114)

(Texti sem varðar EES)

(1999/90/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr. ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón

af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 38, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

3. gr.

Í umboðum fyrir samhæfða staðla skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

---

---

*I. VIÐAUKI***Rakavarnarlög:****Undirlagsklæðning á þök:****Vatnsgufuvarnarlag:**

Til nota í byggingar, að frátöldum þeim notum sem eru háð reglum um brunaviðbrögð hvað varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum A <sup>(1)</sup>, B <sup>(1)</sup>, C <sup>(1)</sup>.

---

*II. VIÐAUKI***Rakapéttingar:****Þakklæðningar:**

Til nota í byggingar

**Rakavarnarlög:****Undirlagsklæðning á þök:****Vatnsgufuvarnarlag:**

Til nota sem eru háð reglum um brunaviðbrögð hvað varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum A <sup>(1)</sup>, B <sup>(1)</sup>, C <sup>(1)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur, sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).



## III. VIÐAUKI

*Ath.: Vegna samstæðna, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.*

## VÖRUFLOKKUR

## HIMNUR OG DÚKAR (1/3)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Rakavarnarlög Undirlagsklæðning á þök Vatnsgufuvarnarlag	í byggingar	—	3
Rakapéttingar Þakklæðningar	í byggingar	—	2 +

Kerfi 2 +: Sjá fyrsta kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka tilskipunar 89/106/EBE, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og á framleiðslustýringu í verksmiðju sem og stöðugs eftirlits, mats og samþykkis á framleiðslustýringu í verksmiðju.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## VÖRUFLOKKUR

## HIMNUR OG DÚKAR (2/3)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaviðbrögð)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Rakaþéttingar Rakavarnarlög	til notkunar sem er háð reglum um brunaviðbrögð	A <sup>(1)</sup> , B <sup>(1)</sup> og C <sup>(1)</sup>	1
Undirlagsklæðning á þök Þakklæðningar		A <sup>(2)</sup> , B <sup>(2)</sup> og C <sup>(2)</sup>	3
Vatnsgufuvarnarlög		A <sup>(3)</sup> , D, E, F	4

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

<sup>(1)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur, sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

<sup>(2)</sup> Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

<sup>(3)</sup> Vörur úr efnunum úr flokki A, sem samkvæmt ákvörðun 96/603/EB, þarf ekki að prófa með tilliti til viðbragða við bruna.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE, og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

## VÖRUFLOKKUR

## HIMNUR OG DÚKAR (3/3)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Undirlagsklæðning á þök	Til notkunar sem er háð reglum um nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utan frá	Vörur sem þarfnast prófunar _____	3 _____
Þakklæðningar		Vörur sem „teljast fullnægjandi“ án prófunar <sup>(1)</sup>	4

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

<sup>(1)</sup> Skal staðfest að höfðu samráði við brunaefirlitsnefnd.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE, og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar varmaeinangrandi byggingarvörur<sup>(\*)</sup>

(tilkynnt með númeri C(1999) 115)

(1999/91/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „aðvöldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón

af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

<sup>(\*)</sup> Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

3. gr.

Í umboðum fyrir samhæfða staðla skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
Martin BANGEMANN  
*framkvæmdastjóri.*

---

*I. VIÐAUKI*

**Varmacinangrandi byggingarvörur** (verksmiðjuframleiddar vörur og vörur fullgerðar á staðnum):

Til allra nota nema þeirra sem eru háð reglum um brunaviðbrögð að því er varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum A <sup>(1)</sup>, B <sup>(1)</sup>, C <sup>(1)</sup>.

---

*II. VIÐAUKI*

**Varmacinangrandi byggingarvörur** (verksmiðjuframleiddar vörur og vörur fullgerðar á staðnum):

Til nota sem eru háð reglum um brunaviðbrögð að því er varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum A <sup>(1)</sup>, B <sup>(1)</sup>, C <sup>(1)</sup>.

---

(1) Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

## III. VIÐAUKI

*Ath.: Vegna samstæðna, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.*

## VÖRUFLOKKUR

## VARMAEINANGRANDI BYGGINGARVÖRUR (1/2)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Varmaeinangrandi byggingarvörur (verksmiðjuframleiddar vörur og vörur fullgerðar á staðnum)	til allra nota	—	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskýlunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

## VÖRUFLOKKUR

## VARMAEINANGRANDI BYGGINGARVÖRUR (2/2)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaviðbrögð)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Varmaeinangrandi byggingarvörur (verksmiðjuframleiddar vörur og vörur fullgerðar á staðnum):	til nota sem eru háð reglum um brunaviðbrögð	A <sup>(1)</sup> , B <sup>(1)</sup> og C <sup>(1)</sup>	1
		A <sup>(2)</sup> , B <sup>(2)</sup> og C <sup>(2)</sup>	3
		A <sup>(3)</sup> , D, E, F	4

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

<sup>(1)</sup> Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til bruna).

<sup>(2)</sup> Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

<sup>(3)</sup> Vörur úr efnum úr flokki A, sem samkvæmt ákvörðun 96/603/EB, þarf ekki að prófa með tilliti til viðbragða við bruna

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.



2000/EES/60/14

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 114/1999****frá 24. september 1999****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahags-  
svæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um  
breytingu á samningnum um Evrópska efnahags-  
svæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun  
sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999 frá 28. maí  
1999<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/92/EB frá  
25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi  
byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins  
89/106/EBE að því er varðar létta, samsetta bita og súlur,  
unnin úr viði<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/93/EB frá  
25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi  
byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins  
89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera,  
gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðarjárn<sup>(3)</sup>  
skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/94/EB frá  
25. janúar 1999 um aðferð til að staðfesta samræmi  
byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins  
89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr  
venjulegri, léttri eða hita- og þrýstiherttri frauðsteypu<sup>(4)</sup>  
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins  
89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **399 D 0092:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
1999/92/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtið. EB L 29,  
3.2.1999, bls. 49),

– **399 D 0093:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
1999/93/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtið. EB L 29,  
3.2.1999, bls. 51), eins og hún var leiðrétt með Stjtið.  
EB L 83, 27.3.1999, bls. 80,

– **398 D 0094:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar  
1999/94/EB frá 25. janúar 1999 (Stjtið. EB L 29,  
3.2.1999, bls. 55), eins og hún var leiðrétt með Stjtið.  
EB L 83, 27.3.1999, bls. 80.“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar  
1999/92/EB, 1999/93/EB og 1999/94 á íslensku og norsku  
fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru  
máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því  
tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr.  
samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við  
Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(1) Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 51  
og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51,  
9.11.2000, bls. 20.

(2) Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 49.

(3) Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 51.

(4) Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 55.

**N. v. Liechtenstein**

formaður.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar léttu, samsetta bita og súlur, unnin úr viði(\*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 116)

(1999/92/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingavörur (<sup>1</sup>), eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE (<sup>2</sup>), einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst itarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og

aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

2. gr.

Í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 49, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

*I. VIÐAUKI*

**Léttir, samsettir bitar og súlur, unnin úr viði** (þar með taldir T-bitar, þ.e. bitar og plötur, tengd saman):

— til nota í byggingar.

*II. VIÐAUKI*

## STAÐFESTING Á SAMRÆMI

## VÖRUFLOKKUR

**LÉTTIR, SAMSETTIR BITAR OG SÚLUR, UNNIN ÚR VIÐI (1/1)****1. Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaviðbrögð) (brunaþol)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Léttir, samsettir bitar og súlur, unnin úr viði (þar með taldir T-bitar, þ.e. bitar og plötur, tengd saman)	til nota í byggingar	allir	1

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar hurðir, glugga, hlera, gluggahlera, hlið og tilheyrandi glugga- og hurðarjárn(\*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 117)

(1999/93/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr. svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr. ,

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst itarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 51, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

3. gr.

Í umboðum fyrir samhæfða staðla skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

---

*I. VIÐAUKI*

**Hurðir og hlið** (með tilheyrandi járnubúnaði eða án hans):

- eingöngu til notkunar innanhúss,
- til yfirlýstra sérnöta og/eða nota sem eru háð sérkröfum, einkum varðandi hávaða, orku, þéttleika og öryggi við notkun, öðrum en þeim sem um getur í II. viðauka þessarar tilskipunar.

**Gluggar** (með tilheyrandi járnubúnaði eða án hans):

- til annarra nota en þeirra sem tilgreind eru í II. viðauka þessarar tilskipunar.

**Hlerar og gluggahlerar** (með tilheyrandi járnubúnaði eða án hans):

- til notkunar utanhúss.

---

*II. VIÐAUKI*

**Hurðir og hlið** (með tilheyrandi járnubúnaði eða án hans):

- til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum.

**Gluggar** (með tilheyrandi járnubúnaði eða án hans):

- til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum.

**Járnubúnaður** sem tilheyrir hurðum og hliðum:

- til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum.

---

## III. VIÐAUKI

## VÖRUFLOKKUR

**HURÐIR, GLUGGAR, HLERAR, GLUGGAHLERAR, HLIÐ OG TILHEYRANDI  
JÁRNUMBÚNAÐUR  
(1/1)**

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Hurðir og hlið (með tilheyrandi járnumbúnaði eða án hans)	til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	—————	—————	—————
	til annarra yfirlýstra sérnota og/eða nota sem eru háð sérkröfum, einkum varðandi hávaða, orku, þéttleika og öryggi við notkun	—	3
Búnaður sem tilheyrir hurðum og hliðum	til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	eingöngu til notkunar innanhúss	—	4
Gluggar (með tilheyrandi járnumbúnaði eða án hans)	til notkunar við brunahólfun og reykhindrun og á flóttaleiðum	—	1
	—————	—————	—————
Hlerar og gluggahlerar (með tilheyrandi járnumbúnaði eða án hans)	til notkunar utanhúss	—	4
	til allra annarra nota	—	3

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

**um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri, léttri eða hita- og þrýstihertri frauðsteypu(\*)**

(tilkynnt með númeri C(1999) 118)

(1999/94/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 13. gr.,

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

1. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 55, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(2) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.



3. gr.

Í umboðum fyrir samhæfða staðla skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_

*I. VIÐAUKI***Forsteypur steypuvörur úr venjulegri, létttri eða hita- og þrýstihettri frauðsteypu <sup>(1)</sup>:**

- Til notkunar í léttum burðarvirkjum <sup>(2)</sup> eða í annað en burðarvirki (svo sem girðingar, tengikassa fyrir fjarskipti, litla pípuþokka, veggjaeiningar sem ekki eru hluti af burðarvirki og klæðningareiningar).

---

<sup>(1)</sup> Að frátöldum rörum og tönkum.

<sup>(2)</sup> Hugtakið „til notkunar í léttum burðarvirkjum“ OJ L 129 (395D0204), 14.6. 1995, 26 (2. viðauki) vísar til burðarvirkja sem eiga ekki að valda hruni mannvirkis né hluta þess, ótækum formbreytingum eða meiðslum á fólki þótt þau gefi sig (aðildarrikin skulu skilgreina hugtakið nánar).

*II. VIÐAUKI***Forsteypur steypuvörur úr venjulegri, léttari eða hita- og þrýstihærtri frauðsteypu:**

- Til notkunar í burðarvirkjum (einkum forspenntar holplötur, staurar og möstur <sup>(1)</sup>, grundunarstaurar, loftaplötur, grindarbitar, krossberandi einingar og plötur, rifjaplötur, ílangar burðareiningar (bitar og súlur), burðarveggjaeiningar, stoðveggjaeiningar, þakeiningar, síló <sup>(2)</sup>, stigar, brúargólfseiningar og stórir pípastokkar).

---

<sup>(1)</sup> Að frátöldum ljósastaurum við aðalvegi.

<sup>(2)</sup> Að frátöldum vökvageymum.

## III. VIÐAUKI

## VÖRUFLOKKUR

## FORSTEYPTAR STEYPUVÖRUR ÚR VENJULEGRI, LÉTTRI EÐA HITA- OG ÞRÝSTIHERTRI FRAUÐSTEYPU (1/1)

## 1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsteyptar steypuvörur úr venjulegri, létttri eða hita- og þrýstihetri frauðsteypu	til notkunar í burðarvirkjum	—	2 +
	til notkunar í annað en burðarvirki eða í léttum burðarvirkjum <sup>(1)</sup>	—	4

Kerfi 2 +: Sjá fyrsta kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka tilskipunar 89/106/EBE, þar með talin vottun samþykks aðila á framleiðslustýringu í verksmiðju á grundvelli fyrstu skoðunar á verksmiðju og á framleiðslustýringu í verksmiðju sem og stöðugs eftirlits, mats og samþykkis á framleiðslustýringu í verksmiðju.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE

<sup>(1)</sup> Hugtakið „til notkunar í léttum burðarvirkjum“ vísar til burðarvirkja sem eiga ekki að valda hruni mannvirkis né hluta þess, ótækum formbreytingum eða meiðslum á fólki þótt þau gefi sig (aðildarríkin skulu skilgreina hugtakið nánar).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.